

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið
Sölvhólgötu 7
101 Reykjavík

Sent á samráðsgátt

Reykjavík, 11. júlí 2019

Efni: Umsögn um áform um frumvarp til laga um landshöfuðlénið .is

Samtök atvinnulífsins (SA, samtökin), hafa tekið til umsagnar áform um lagasetningu um landshöfuðlénið .is sem birt var á samráðsgátt stjórnvalda 27. júní 2019.

Í dag er ekki að finna heildstæða löggjöf um landshöfuðlénið .is eða önnur höfuðlén. Um er að ræða mikilvægan innvið fyrir íslenskt samfélag og því mikilvægt að skýrar reglur gildi um skráningu léna undir landshöfuðléninu .is.

Markmiðið með frumvarpinu er að setja skýrar reglur um skráningu léna og mæla fyrir um almenna heimild til að starfrækja skráningarstofu auk þess sem gert er ráð fyrir að mælt sé fyrir um úrlausn deilumála og að komið sé á fót vettvangi, fagráði, þar sem rætt er um lénamál á Íslandi.

SA telja mikilvægt að heildstæð umgjörð sé sett utan um landshöfuðlénið .is. Á hinn bóginn er mikilvægt að þær reglur sem settar verða takmarki ekki möguleika einstaklinga og lögaðila til að opna vefsíður. Það er enda grundvallaratriði í nánast öllum fyrirtækjarekstri í dag að starfsemi sé vel sýnileg á internetinu. Það má ekki takmarka möguleika atvinnulífsins með of íþyngjandi reglusetningu. Með lögunum er fyrirhugað að gera starfsemi skráningarstofu háða opinberu eftirliti. Það ber að hafa í huga að Íslendingar búa við flóknasta eftirlitsregluverk allra OECD þjóða en rannsóknir sýna að slíkt getur beinlínis hamlað hagvexti. Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar segir að áttak verði gert í einföldun regluverks í þágu almennings og atvinnulífs. Þetta markmið ber að hafa í huga við setningu nýrra reglna sem geta haft áhrif á samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs.

Virðingarfyllt,
f.h. Samtaka atvinnulífsins



Heiðrún Björk Gísladóttir